

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. október 1996

um framkvæmd 2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(Texti sem varðar EES)

(96/627/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽¹⁾, einkum 2. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviturkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽²⁾, einkum 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að fastsetja lokadag aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í tilskipun 77/311/EBE þannig að hávaðamörk fyrir öikumenn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, geti tekið gildi.

Þetta er nauðsynlegt til þess að skapa skýr og traust rammaákvæði og til þess að tryggja að sömu reglum um hávaðamörk sé beitt á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum

hindrunum í viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðlögunartímabilinu, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 77/311/EBE, skal ljúka 1. október 1999.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að ákvörðun þessari fyrir 30. september 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjótíð. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 2.⁽²⁾ Stjótíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.